

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Hoffellsstofu.

### 1. gr.

#### *Heiti.*

Félagið er sjálfseignarstofnun sem starfar skv. lögum nr. 19/1988 og er nafn þess Hoffellsstofa. Sjálfseignarstofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

### 2. gr.

#### *Heimilisfang.*

Heimilisfang stofnunarinnar er að Hoffelli í Nesjum, 781 Hornafjörður.

### 3. gr.

#### *Markmið.*

Tilgangur og markmið stofnunarinnar er að auka þekkingu og rannsóknir á náttúrufari í nágrenni Hoffells og sérstæðu umhverfi sveitarinnar eftir því sem við verður komið, einkum rannsóknir á jökulum, berggrunni og veðráttu. Einnig verði stuðlað að aukinni þekkingu á þjóðháttum í upphafi 20. aldar og varðveislu menningarverðmæta frá þeim tíma, m.a. þeirra sem nú þegar eru varðveitt í Hoffelli og settu svip sinn á heimilishald þar fyrir einni öld.

Þá er markmið stofnunarinnar að reisa hús í Hoffelli er verði í eigu hennar og skal það hýsa þá starfsemi sem lýst er í þessari skipulagsskrá.

Tilgangi og markmiðum þessum skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum eins og nánar er greint frá í skipulagsskrá þessari.

### 4. gr.

#### *Stofnendur.*

Stofnendur stofnunarinnar eru Halldóra Hjaltadóttir, kt. 030129-3189, Hólmfríður Leifsdóttir, kt. 070330-2969, Þrúðmar Sigurðsson, kt. 240427-2149, Þrúðmar Þrúðmarsson, kt. 141254-5109, Ingibjörg Ævarr Steinsdóttir, kt. 020453-4519, Guðmundur Helgason, kt. 010147-4419, Sigurbjörg Helgadóttir, kt. 070154-4399, Úlfar Helgason, kt. 110745-7299, Unnur Guðmundsdóttir, kt. 020556-4049 og Jón Helgason, kt. 020343-7619. Halldóra leggur til stofnunarinnar 800.000 krónur en aðrir stofnaaðilar kr. 10.000 hver.

### 5. gr.

#### *Stofnfé.*

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 880.000, sem er framlag stofnenda félagsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyrast stofnendum hennar.

### 6. gr.

#### *Stjórn.*

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 4 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Fráfarandi stjórn kýs nýja stjórn til sama tíma í lok kjörtímabils. Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Fyrsta stjórn er tilnefnd af stofnendum.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á stjórnarfundum.

## 7. gr.

*Fundarboðun.*

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfunda. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 8. gr.

*Aðrar stjórnareiningar.*

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða einn eða fleiri starfsmenn. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

## 9. gr.

*Endurskoðendur.*

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna félagsins.

## 10. gr.

*Reikningsárið.*

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

## 11. gr.

*Breyting samþykktá, slit og sameining.*

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan.

## 12. gr.

*Staðfesting sýslumanns.*

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 9. mars 2009.*

**Ríkarður Másson.**

*Helgi Már Ólafsson.*